

Mánudaginn 30. október 1961.

Nr. 61/1960. **Guðjón Sigurðsson** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
 gegn
Sigvalda Thordarson (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ár-
 mann Snævarr.

Arkitekt dæmd þóknun fyrir hústeikningar.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 30. marz 1960, og gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, hafa vitnaleiðslur farið fram og ný skjöl verið lögð fram.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, hafa ýmsar af þeim teikningum, sem deilt er um í máli þessu, verið notaðar af þeim manni við vinnuna, sem áfrýjandi fól ýmis verk við að reisa húsið. Enn fremur kom reikningur sá, sem um er deilt í málinu, svo snemma í hendur áfrýjanda, að hann gat falið hann inn í verði íbúða þeirra, sem hann seldi fokheldar.

Auk þess má fallast á, að eðlilegt sé að líta svo á, að arkitekt sé falið að gera allar teikningar ákveðinnar byggingar, ef ekki er gerður sérstakur fyrirvari um hið gagnstæða, sérstaklega eins og hér stendur á, þar sem þrír eru aðiljar byggingarsamstæðunnar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnda, Sigvalda Thordarson, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Sigvaldi Thordarson arkitekt, Laugarásvegi 39, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. apríl 1959, gegn Guðjóni Sigurðssyni múrarameistara, Reykjavíki 10, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 13.727.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1958 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla, þótt úrslit málsins verði þau, að honum verði gert að inna greiðslu af hendi til stefnanda.

Stefndi í máli þessu byggði á sínum tíma Álfheima 48 í Reykjavík, sem er einn af þremur hlutum stórrar sambyggingar: Álfheimum 44, 46 og 48. Mun hann hafa selt íbúðirnar í Álfheimum 48 fokheldar. Stefndi málsins hefur annazt arkitektsstörf við sambygginguna. Óumdeilt er, að hann hefur gert tillögu- og heildaruppdrátt að sambyggingunni allri. Einnig er óumdeilt, að stefndi greiddi fyrir þessar teikningar, og fóru greiðslurnar fram 8. maí og 12. júní 1957. Á árinu 1958 krafði stefndi stefnda um hina umstefndu upphæð. Er hún þá sundurliðuð þannig, að kr. 10.981.60 eru fyrir sérteikningar, en kr. 2.745.40 fyrir útboðslýsingu.

Stefndi segir, að sérteikningar þær, sem hér er um að ræða, séu „typuteikningar“, teikningar af tröppum og stigum, handriðum, gluggum og hurðum, þakbrúnum, eldhúsinnréttingum og skápum. Stefndi segir einnig, að eigendur hússins, þ. á m. stefndi, hafi fengið teikningar þessar í hendur, enda kveðst hann ekki vita til, að stórbyggingar sem þessi séu teiknaðar með öðrum kjörum.

Í greinargerð umboðsmanns stefnda er krafizt sýknu með þeim rökum, að stefndi hafi aldrei samið sérstaklega við stefnanda um vinnu hans. Hafi orðið úr, að stefndi gerði teikningar að sambyggingunni allri, eftir að eigendur Álfheima 44 höfðu beðið

stefnanda um að teikna þann hluta. Þá segir í greinargerðinni, að stefndi hafi talið greiðslur þær, sem fram fóru fyrri hluta árs 1957, einu greiðslurnar, sem fram ættu að fara, enda hafi stefndi ekki beðið stefnanda um neinar sérteikningar, verklýsingar, útböð eða umsjón. Tekið er fram, að stefndi hafi getað annazt þessi störf sjálfur, enda sé hann reyndur múrarameistari.

Er stefndi kom fyrir dóm, kvað hann rétt frá skýrt í greinargerðinni. Þó segir hann, að Þorkell Einarsson, sem vann bæði við Álfheima 44 og 48 sem meistari, kunni að hafa haft sérteikningar frá Álfheimum 44. Er ljóst, að stefndi á við, að teikningar þessar kunni Þorkell að hafa haft til að vinna eftir við Álfheima 48. Stefndi tók fram, að hann hefði selt húsið fokhelt, og kvaðst hann hafa séð sérteikningar hjá hinum nýju eigendum. Stefndi sagði einnig, að honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi samdi útböðslýsingu um mótauppslátt og frágang á þaki. Kvað stefndi hana samda að beiðni Byggingarsamvinnufélags atvinnubifreiðarstjóra, en það byggði Álfheima 44. Þó segir stefndi, að hann hafi heyrt lýsinguna lesna upp á fundi húseigendanna, og telur hann, að það hafi verið gert til að kanna, hvort eigendurnir væru lýsingunni samþykki. Ekki kvaðst stefndi hafa fengið lýsinguna í hendur og ekki óskað þess.

Guðmundur Óskar Jónsson, formaður fyrrnefnds byggingarsamvinnufélags, sá um framkvæmdir við Álfheima 44. Hann kom fyrir dóm. Um sérteikningar sagði hann, að aldrei hefði verið sérstaklega um þær samið, enda teldi hann, að arkitekt, sem fái það verkefni að teikna hús, hljóti jafnframt að gera þær sérteikningar, sem þörf er á. Hann sagði einnig, að eigendurnir hafi á fundi samþykkt að fela stefnanda þessa máls að teikna sambygginguna, sem hér um ræðir.

Varðandi útböðslýsinguna, segir vitnið Guðmundur Óskar Jónsson, að það minni, að á fundi eigendanna hafi verið samþykkt að biðja stefnanda að semja verklýsingu að mótauppslætti og frágangi á þaki. Hafi hún verið notuð til að fá tilboð í öll húsin og legið frammi á skrifstofu stefnanda. Þangað hafi og tilboðum verið skilað. Byggingarsamvinnufélagið hafi tekið tilboði frá Þorkeli Einarssyni, og hafi hann einnig séð um mótauppslátt við hús stefnda.

Stefnda var kynntur framburður vitnisins um verklýsinguna. Kvað hann þar rétt frá skýrt, en sjálfur kvaðst hann hafa gert upp við Þorkel Einarsson samkvæmt reikningi. Er stefnda var kynntur framburður stefnanda um sérteikningar, ítrekaði hann,

að um þær hefði aldrei verið rætt þeirra á milli og að hann hefði enga þeirra fengið í hendur. Þá sagði stefndi, að sér hefði ekki verið kunnug gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, en þar er greiðsla fyrir sérteikningar talin 20% af heildarlaunum, en ekki um einstakar sérteikningar rætt.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá Þorkeli Einarssyni. Segir þar, að vottorðsgefandi hafi fengið í hendur sérteikningar, gerðar af stefnanda, varðandi húsið Álfheima 44—48, og hafi hann unnið eftir þeim teikningum í nr. 44 og 48. Þá segir í vottorðinu: „Þessar teikningar voru viðkomandi húsinu fókheldu. Um teikningar af eldhúsinnréttingum er mér ókunnugt. Ég vann að byggingu húss nr. 48 sem húsasmíðameistari fyrir Guðjón Sigurðsson, sem var talinn húsbyggjandi.“

Þegar virtir hafa verið framburðir vitnisins Guðmundar Óskars Jónssonar og stefnda, telur dómurinn sannað, að stefndi hafi fallið á verklýsingu þá, sem stefnandi gerði á mótauppslætti o. fl., og þar með skuldbundið sig til að greiða hana, hver sem um hana hefur beðið í upphafi. Upphæð sú, sem krafist er fyrir útboðslýsingu, er fyrir lýsingu þessa.

Vottorði Þorkels Einarssonar hefur ekki verið mótmælt, og verður að telja sannað með því, að Þorkell hafi unnið eftir sérteikningum frá stefnanda við Álfheima 48. Af framburði stefnda sést, að honum var um það kunnugt. Ber því þegar af þessari ástæðu að dæma stefnda til að greiða fyrir sérteikningar.

Það er skoðun hinna sérfróðu dómenda, að sá, sem skiptir við arkitekt á þann hátt, að hann fær hjá honum sérteikningar, hafi þar með öðlzt rétt til að fá allar venjulegar sérteikningar og tekizt á hendur þá skyldu að greiða gjald, sem er óháð því, hvaða venjulegar sérteikningar hann biður um. Lítur dómurinn svo á, að hér sé um að ræða réttarreglu, sem helgast af venju. Hinir sérfróðu dómendur eru einnig þeirrar skoðunar, að eldhústeikningar séu meðal venjulegra sérteikninga, og koma þær þegar af þeirri ástæðu ekki frekar til athugunar.

Stefndi hefur haldið því fram sem fyrr greinir, að hann hafi talið, að greiðslur þær, sem hann innti af hendi fyrir mitt ár 1957, væru þær einu, sem fram ættu að fara. Afrit af reikningi, dagsettum 29. apríl 1957, varðandi þessar greiðslur, hefur verið lagt fram í málinu. Er þar tekið fram, að greiðslurnar séu fyrir tillögu- og heildaruppdrátt samkvæmt gjaldskrá A. Í. Verður því ekki talið, að stefndi hafi haft tilefni til að ætla, að hann hefði greitt fyrir sérteikningar, þegar hann borgaði reikning þenna.

Stefndi hefur hreyft því, að hin umstefnda upphæð sé ósanngjörn. Sé gjaldskrá Arkitektafélags Íslands óhóflega há, og þar að auki sé ekki fram komið, að reikningur stefnanda sé í samræmi við hana. Ekki hefur hann rökstutt þetta frekar, og þykir reifun málsins ekki veita tilefni til lækkunar kröfunnar. Þá hefur stefndi hreyft því, að heildarupphæð stefnanda hafi verið gallaður, en ekki gert frekari reka að því að ná hugsanlegum rétti sínum þess vegna, og kemur þetta atriði því ekki til frekari álita.

Stefnandi hefur krafizt 7% ársvaxta af hinni umstefndu upphæð frá 30. janúar 1958. Í málinu hefur verið lagður fram reikningur, dagsettur 30. janúar 1958, og kröfubréf frá stefnanda, dagsett 1. desember 1958. Stefndi hefur ekki mótmælt vaxtakröfunni sérstaklega, en í greinargerð umboðsmanns hans er því haldið fram, að stefnandi hafi krafist stefnda um hina umstefndu upphæð í desember 1958. Í hinum munnlega málflutningi kom einnig fram, að aðilja greinir á um, hvenær greiðslu hafi verið krafizt. Þykir bera að dæma stefnda til að greiða 7% ársvexti frá 1. desember 1958.

Þar sem úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða þau, að dæma beri stefnda til að greiða hina umstefndu upphæð, ber og að dæma hann til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.300.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt með dómendunum Herði Bjarnasyni, húsameistara ríkisins, og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnanda, Sigvalda Thordarson, kr. 13.727.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1958 til greiðsludags og kr. 2.300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
